

Innviðaráðuneytið

Hrísakoti 18. júlí 2024

Efni: Kæra vegna aðgerðarleysis Sveitarfélagsins Stykkishólms

Undirritaður kæri hér með til innviðaráðuneytisins aðgerðarleysis sveitarfélagsins Stykkishólms varðandi smölun ágangsfjár.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að þann 18. júní s.l. sendi undirritaður beiðni til Sveitarfélagsins Stykkishólms um smölun ágangsfjár úr landi jarða hans Hrísakots og Hrísafells í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Var beiðnin send á grundvelli 33. gr. laga nr. 6/1986 en þar hefur engin heimild til að beita búfé nema með hans leyfi.

Sveitarfélagið hefur ekki svarað því erindi og fénu hefur ekki verið smalað.

Sé 33. gr. laga nr. 6/1986 skoðuð blasir við að sveitarstjórn „ber að láta smala ágangsfénaði“ að þeim skilyrðum fullnægðum að um sé að ræða „ágangsfé“ og að sá „er fyrir verður“ kæri. Þannig er augljóst að sveitarstjórn sinnir eingöngu skyldu sinni með því að „láta smala“ en ekki með því að gera ekki neitt. Hér er um að ræða skýr lagafyrirmæli til sveitarstjórna en ekki valkvæða ákvörðun sem sveitarstjórn tekur.

Tilgangur 33. gr. laga nr. 6/1986 er að verja eignarétt að landi, þ.m.t. að koma í veg fyrir að landeigendur verði fyrir tjóni. Til þess að tilgangi laganna sé náð er augljóst að bregðast verður skjótt við, helst samdægurs.

Eins og að framan greinir var beiðni um smölun sett fram 18. júní sl. og nú, mánuði síðar, hefur ekki verið smalað. Er því augljóst að sveitarstjórn hefur ekki sinnt „skyldu sinni“. Hér er m.ö.o. um að ræða yfirstandandi brot sem sveitarstjórn ber skylda til að rjúfa.

Þá er bent á þau sjónarmið um inntak skyldu sveitarfélaga sem fram koma úrskurði innviðaráðuneytisins frá því apríl á þessu ári en þar sem sveitarstjórn Fjarðarbyggðar var talin hafa brotið gegn stjórnsýslulögum með því að draga að taka ákvörðun um smölun. Í úrskurðinum segir m.a:

„Að mati ráðuneytisins er úrlausnarefni þessa máls þess eðlis að það þurfi skjótrar úrlausnar. Er afstaða ráðuneytisins m.a. byggð á því að ágangur búfjár getur valdið allnokkru tjóni á landi þess sem fyrir honum verður og því brýnt að koma í veg fyrir frekara tjón eins fljótt og auðið er. Telja má ljóst að óhæfilegur dráttur á afgreiðslu beiðni landeiganda um smölun ágangsfjár geti haft veruleg áhrif á hagsmuni hans og leitt til þess að tjón af áganginum verði mun meira að umfangi en ella. Varðar það því hagsmuni bæði landeiganda sem verður fyrir ágangi búfjár og eiganda búfjárins að afgreiðslutíminn sé skammur.“

„Það er frumskylda stjórnvalda samkvæmt íslenskum stjórnlögum að starfa á grundvelli þeirra réttarheimilda sem eru í gildi á hverjum tíma og sjá um framkvæmd þeirra. Borgararnir eiga því rétt á því að stjórnvöld leysi úr málum þeirra svo fljótt sem unnt er á grundvelli þeirra laga og reglna sem í gildi eru þegar þeir bera fram erindi sín við stjórnvöld, sjá álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1832/1996.“

Skylda sveitarstjórnar til smölunar skv. 33. gr. laga nr. 6/1986 stofnast ef ágangsfé er í viðkomandi landi og sá sem fyrir verður krefst smölunar. Ég á ekkert sauðfé og engin hefur leyfi til að beita sauðfé í land jarðanna. Því á ekkert sauðfé að vera í landinu. Þá er ég eigandi jarðanna og er því sá sem „fyrir verður“. Þannig eru báðum skilyrðum laganna fullnægt. Rannsókn málsins á eingöngu að lúta að þessum atriðum og ætti ekki að taka nema nokkrar mínútur.


Að aðhafast ekkert frá 18. júní til dagsins í dag er ekki „eins fljótt og auðið er“ og við blasir að undirritaður hefur orðið fyrir tjóni sem eykst með hverjum degi sem líður. Er því augljóst að sveitarstjórn er ekki að sinna skyldu sinni þótt málið kunni að vera þar til meðferðar eða í ferli.

Er þess því hér með krafist að lagt verði fyrir sveitarstjórn að láta smala ágangsfénu eins fljótt og auðið er.

Meðfylgjandi eru eftirtalin gögn:

1. Beiðni um smölun dags 18. júní 2024

Virðingarfyllst,



Jörundur Svavarsson

Hrísakoti, Sveitarfélagið Stykkishólmur

341 Stykkishólmur